

Kæru útskriftarnemar og aðrir gestir.

Ég vil bjóða ykkur velkomin hingað á þessa 7. brautskráningarathöfn frá Menntaskólanum á Tröllaskaga. Nú eru þrjú ár liðin frá því að fyrstu starfsönn skólans lauk og fyrsti stúdentinn útskrifaðist hér á þessum stað. Í þetta sinn útskrifast 8 stúdentar til viðbótar þeim 33 nemendum sem áður hafa verið brautskráðir. Þrír útskrifast af félags- og hugvísindabraut, einn af íþrótt- og útivistarbraut, íþróttasviði, þrír af náttúruvísindabraut og að lokum fyrsti nemandinn sem lýkur viðbótarnámi til stúdentsprófs af starfsbrautum. Stúdentahópurinn okkar stækkar því óðfluga.

Starfið á haustönn þessa 4. starfsárs skólans hefur gengið vel. Kennsla á haustönn hófst 21. ágúst og stunduðu rúmlega 180 nemendur nám við skólann, þar af 131 í dagskóla en aðrir í fjarnámi. Fjarkennsla sem hófst formlega við skólann fyrir rúmu ári hefur gengið vel sem og samstarf við aðra framhaldsskóla. Þá eigum við einnig gott samstarf við grunnskólana í Fjalla- og Dalvíkurbyggð og stunda um 15 10. bekkingar fjarnám í grunnáföngum við skólann.

Flestir nemendur voru á félags- og hugvísindabraut eða 47, 29 voru á listabraut, 34 á náttúruvísindabraut, 25 á íþróttabraut og 12 á starfsbraut. Nú liggur fyrir að í upphafi vorannar 2014 hafa verið innritaðir um 30 nemendur og eru því skráðir nemendur í skólann orðnir rúmlega 200 á komandi önn. Starfsmenn við skólann á þessari önn hafa verið 25. Þrír fjarkenna frá öðrum stöðum og einn er stundakennari. Þá hefur skólinn átt í góðu samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar eins og áður. Nú í lok þessarar annar hafa nemendur og kennarar uppskorið af erfiðri sínu og sýnist mér að lang flestir megi vera stoltir af sínu.

Starf Menntaskólans á Tröllaskaga er komið í ákveðinn farveg á þeim tíma sem liðinn er frá því hann tók til starfa. Skólinn hefur meðal annars skapað sér sérstöðu á sviði lista og þar hafa nemendur náð frábærum árangri eins og sjá hefur mátt á sýningum á verkum nemenda í lok hverrar annar. Sýning haustannar var haldin laugardaginn 14. desember og var glæsileg að vanda. Þar mátti finna málverk, ljósmyndir,

myndbönd og tónlist ásamt sýnishornum af ýmsu frá vinnu nemenda. Sýningin hefur verið opin alla vikuna og lýkur formlega í dag á þessum útskriftardegi. Sýningar þessar hafa vakið athygli og verið ákaflega vel sóttar. Við erum líka mjög stolt af þeim og nemendum okkar. Miðannarvikan var í svipuðu formi og á síðustu vorönn, nemendum bauðst að taka stutt einingabær námskeið á ýmsum sviðum og er það okkar mat að þessi vika hafi heppnast vel. Þá ber þess að geta að á þessari önn hefur skólinn tekið þátt í samevrópsku verkefni á vegum Comeniusar sem fjallar um vatn. Samstarfsskólar okkar í því eru frá Spáni, Ítalíu og Þýskalandi. Nemendur frá þeim sóttu okkur heim í september og dvöldu hér í viku við nám og störf með okkar nemendum. Verkefni þetta heldur áfram á næstu önn og munu okkar nemar þá fara utan.

Eins og áðan kom fram hefur nemendum skólans fjölgað jafnt og þétt á hverri önn og vissulega þrengir húsnæði skólans orðið að. En þröngt mega sáttnir sitja og stjórnendur og skólayfirvöld gera sitt besta til að vinna að lausn á þeim málum.

Kæru útskriftarnemar, -nú þegar þið ljúkið þessum áfanga í lífi ykkar langar mig til að þakka ykkur góða samveru og ánægjulega viðkyrningu og óska ykkur velfarnaðar í öllu því sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, aðstoðarskólameistari.